

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu höfundarréttargjalds samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á þeim til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs. Tekjum af gjaldinu skal haldið sérgreindum við innheimtu og skil í ríkissjóð. Ríkisféhirðir skal halda sérstakan reikning á nafni Innheimtumiðstöðvar höfundarréttargjalda og annast mánaðarlega skil gjaldsins til Innheimtumiðstöðvar höfundarréttargjalda. Samkvæmt sérstöku samkomulagi greiðir Innheimtumiðstöð höfundarréttargjalda ríkissjóði sérstaka innheimtuþóknun sem er 1% af innheimtufé.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið sker úr ágreiningi um gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Reglugerð þessi sem er sett með heimild í lögum nr. 78/1984, um breyting á höfundarlögum nr. 73/1972 og í samræmi við samkomulag Innheimtumiðstöðvar höfundarréttargjalda og Félags íslenskra stórkaupmanna um tilhögun á innheimtu gjaldsins, öðlast gildi 15. apríl 1989 og tekur til þeirra vara sem um ræðir í 1. gr. sem ótollafgreiddar eru á þeim tíma. Reglugerð þessi gildir þar til annað verður ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 28. mars 1989.

Svavar Gestsson.

Þórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ**um bann við tog- og dragnótaveiðum á svæðum fyrir Suðurlandi.**

1. gr.

Frá og með 8. apríl 1989 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar fyrir Suðurlandi á svæðum sem markast þannig:

1. Að vestan af 21°22' V og að austan af 20°34' V
2. Að vestan af 19°30' V og að austan af 18°00' V
3. Að vestan af 16°40' V og að austan af 16°00' V

Að sunnan markast svæðin af línu, sem dregin er fjórar sjómíllur utan við viðmiðunarlínu, sbr. 3. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast gildi frá og með 8. apríl 1989 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 128, 22. mars 1989, um bann við tog- og dragnótaveiðum á svæðum fyrir Suðurlandi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. apríl 1989.

F. h. r.

Gylfi Gautur Pétursson.

Pórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ**um bann við togveiðum á Breiðdalsgrunni og Berufjarðarál.**

1. gr.

Frá og með 8. apríl 1989 eru allar togveiðar bannaðar fyrir Austfjörðum á svæði, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°31' 22 N – 13°20' 42 V
2. 64°25' 09 N – 13°26' 39 V
3. 64°14' 09 N – 13°16' 40 V
4. 64°02' 32 N – 13°13' 07 V
5. 64°04' 82 N – 13°06' 18 V
6. 64°32' 14 N – 12°58' 86 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 8. apríl 1989 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 383, 4. ágúst 1988, um bann við togveiðum á Breiðdalsgrunni og Berufjarðarál.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. apríl 1989.

F. h. r.

Gylfi Gautur Pétursson.

Pórður Eyþórsson.